

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130800139/abg

Hellisheiðarvirkjun, breyting vegna Sulfix II

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum m.t.t. tl. 13 a í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða byggingu og rekstur gasskiljustöðvar í tilraunaskyni við Hellisheiðarvirkjun til að dæla niður í jarðhitageyminn blöndu af uppleystu brennisteinsvetni og koldíoxíði í þéttivatni frá virkjuninni. Markmiðið er í þessum áfanga að dæla niður allt að 15% af því brennisteinsvetni sem kemur frá virkjuninni. Í framkvæmdinni felst að reist verður gasskiljustöð um 12 x 8 metrar að utanmáli og um 13 m hár þvottaturn. Mannvirkin verða reist á stöðvarhúslóðinni. Lagnir verða lagðar frá stöðvarhúslóð að gasskiljustöð og þaðan að niðurrennslisholu við Húsmúla, alls um 1500 metra leið. Lagnir verða grafnar niður meðfram núverandi vegum. Framkvæmdin er á og við svæði sem þegar hefur verið raskað við byggingu Hellisheiðarvirkjunar. Gasskiljustöðin verður lítt áberandi í nálægð við stöðvarhús virkjunarinnar.

Losun brennisteinsvetnis er meðal helstu umhverfisáhrifa jarðhitavirkjanna. Brennisteinsvetni er enn meira vandamál við Hellisheiðarvirkjun en aðrar jarðhitavirkjanir vegna mikillar losunar efnisins og nálægðar við byggð en áhrifa losunar gætir í dag greinilega í Hveragerði og á höfuðborgarsvæðinu öllu. Bygging gasskiljustöðvarinnar er stórt skref í þá átt að kanna hvort mögulegt sé á iðnaðarskala að dæla brennisteinsvetninu niður með skiljuvatni. Ef það er mögulegt er komin fram lausn við förgun á brennisteinsvetni sem er bæði ódýrari og umhverfisvænni en þær þekktu iðnaðarlausnir sem notast er við í olúidnaði og jarðhitavirkjunum í öðrum löndum. Íblöndun brennisteinsvetnis í þéttivatn hefur líka þann ávinning í för með sér að niðurdælingarvatnið verður súrara og því minni líkur á að niðurdælingaholur stíflist vegna útfellinga. Þekkt er í jarðhitavirkjunum erlendis að keypt er sýra í miklu magni til að minnka vandamál tengd útfellingum í niðurdælingarholum. Þegar eru til staðar vandamál við niðurdælingu vatns við jarðhitavirkjanir hér á land og niðurdæling brennisteinsvetnis hefur því þann viðbótarávinning að niðurdæling vatns gæti orðið auðveldari. Það er því mikill umhverfislegur ávinningur að því að þróa aðferð við að dæla

niður brennisteinsvetni og bygging umræddrar skiljustöðvar er mikilvægt skref í því ferli.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir



Björn Stefánsson
sérfræðingur